

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur**

b.t. Sylvíu Karenar Heimisdóttur, sveitarstjóra

Félagsheimilið Árnes

804 SELFOSS

sylviakaren@skeidgnup.is**Svar við umsókn um fjárveitingu til styrkvega 2021.**

Umsókn vegna fjárveitingu til styrkvega árið 2021 hefur verið tekin til umfjöllunar.

Samþykkt hefur verið að úthluta til styrkvega í afréttarvegir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 4.000.000 kr.

Styrkurinn verður greiddur eftir að fulltrúar styrkþega og Vegagerðarinnar hafa tekið út framkvæmdir og undirritað þar til gert eyðublað sem fylgir með bréfi þessu, vakin er athygli á ákvæðum eyðublaðsins svo og útdrætti úr vegalögum sem þar er einnig að finna.

Að loknum framkvæmdum, skal styrkþegi hafa samband við fulltrúa Vegagerðarinnar vegna úttektar, að úttekt lokinni sendi styrkþegi Vegagerðinni undirritað eyðublað um hvað hafi verið framkvæmt og framvísi afritum af reikningum, ásamt upplýsingum um banka, reikningsnúmer.

Vakin er athygli á að ráðstöfun styrks þarf að fara fram á því ári sem hann er veittur, helst fyrir 1. desember 2021.

Fulltrúi Vegagerðarinnar er Ágúst Sigurjónsson, sími 522-1000.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Síða 1/2

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt og hefur því enga undirskrift

Styrkur til samgönguleiða samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007

Vegagerðin hefur samþykkt að veita styrk til vegagerðar af liðnum Styrkvegir í vegáætlun 2021 til verkefnisins afréttarvegir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að upphæð kr. 4.000.000,- Styrkþegi er Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Kt.: 540602-4410.

Styrkurinn er veittur samkvæmt heimild í 25 gr. vegalaga nr. 80/2007 og telst styrkþegi því veghaldari vegarins samkvæmt IV. kafla laganna og hvíla á honum skyldur í samræmi við það. Styrkþega er skylt að heimila öðrum hagsmunaaðilum umferð um veginn.

Athygli styrkþega er vakin á því að um nýja vegi og breytingar á eldri vegum gilda skipulagslög og lög um mat á umhverfisáhrifum. Afla þarf framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitarstjórna(r) og verður það að liggja fyrir áður en styrkur er greiddur.

Styrkur fellur niður sé hann ekki greiddur á því ári sem hann er veittur.

Síða 2/2

Staður og dagsetning

nafn:

nafn:

f.h. styrkþega

f. h. v.

kennitala:

kennitala:

Úrdráttur úr vegalögum nr. 80/2007:

Vegagerðin

3. gr.

Orðskýringar

5. *Veghald*: Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vegna.

6. *Veghaldari*: Sá aðili sem hefur veghald vegar.

12. gr.

Almennt

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.

25. gr.

Styrkir til samgönguleiða

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að binda styrkveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans. Umsókn um styrk skal beint til Vegagerðarinnar sem gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingu til umsækjanda.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.

Ráðherra setur nánari reglur um hvaða samgönguleiðir skulu styrktar samkvæmt ákvæði þessu og um framkvæmd styrkveitinga.